

Í þessu skjali er að finna lykilupplýsingar varðandi þennan sjóð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru áskildar samkvæmt lögum til að þú getir skilið eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Ráðlagt er að þú lesir þær til að þú getir tekið meðvitaða ákvörðun um hvort þú fjárfestir í honum eður ei.

Verðbréfasjóðurinn Delphi Nordic A - hlutabréfasjóður (UCITS)

ISIN: NO0010039670

Stýrt af Storebrand Asset Management AS (fyrirtækjanr. 930 208 868), fyrirtæki í Storebrand-samsteypunni.

Fjárfestingamarkmið og -stefna

Markmið

Delphi Nordic hefur það að markmiði að ná langtíma arðsemi með að fjárfesta í norrænum hlutabréfum.

Fjárfestingaráætlun

Sjóðnum er stýrt virkt og notar hann Delphi-aðferðina sem sameinar hefðbundna grunngreiningu með tillhneigingargreiningu. Víxlæign saman stendur venjulega af 25-40 smáum, meðalstórum og stórum fyrirtækjum innan lágmark fimm atvinnugreina.

Umsjónarmaður leitar eftir verðbréfum sem sýna jákvæðar verðtillhneigingar. Síðan er gerð ítarleg greining á starfsemi fyrirtækisins, stjórn, markaðsstöðu, vörum og framtíðarhorfum áður en hugsanleg fjárfesting er gerð.

Hægt er að nota afleiður fyrir hóflegri eða áhrifameiri stjórnun fjármuna. Sjóðnum er stjórnað í samræmi við meginreglur Storebrands um traustar fjárfestingar.

Viðmiðunarvísitala

Viðmiðunarvísitala sjóðsins er VINX Benchmark Cap Net.

Arður

Arður sem sjóðurinn fær vegna fjárfestinga sinna er endurfjárfestur um leið og verður hluti af hlutvirðinu.


Fjárfestingartímabil

Áhættulýsing sjóðsins gerir það að verkum að þú ættir að hafa fjárfestingaryfirlit í fimm ár eða lengur.

Viðskipti

Hægt er að eiga viðskipti við sjóðinn á öllum bankadögum í Noregi með þeim skilyrðum að aðalmarkaður sjóðsins sé einnig opinn fyrir viðskipti. Pantanir sem eru móttæknar af umboðsfyrirtækinu fyrir kl. 15 á bankadögum verða afgreiddar sama dag. Við sölu er gefið upp gengi við komandi gengisútreikning og greiðsla er venjulega innt af hendi innan 1-3 daga. Við kaup er gefið upp gengi eftir virðisdagsetningu innborgunar. Lágmarksupphæð er 100 NOK.

Áhætta og ávinningur



Vísirinn er markmið í sögulegum gengissveiflum sjóðsins síðustu fimm árunna (viðmiðunarvísitala er lögð til grundvallar fyrir sjóð með styttri sögu). Það er engin örugg vísbending fyrir framtíðarþróun og staða sjóðsins á mælikvarðanum getur breyst með tímanum. Ekki er hægt að líta á lægsta flokkinn, 1, sem algjörlega áhættulausan. Þessi sjóður er staðsettur í áhættuflokki 6, sem þýðir að hlutirnir geta venjulega orðið fyrir miðlungs gengissveiflum til mikilla gengissveiflna.

Sjóðurinn tekur meðvitaður margvíslegar áhættur til að uppskera nauðsynlegan hagnað. Aðferðunum er skipt á ólíkar fjárfestingar til að draga úr áhættunni á verðmætaminnkun í einstökum fjárfestingum.

Verðmæti fjárfestinga sjóðsins er háð, á jákvæðan og neikvæðan hátt, daglegri þróun markaðanna þar sem verðbréfunum er komið í verð (markaðsáhætta).

Áhættuvísirinn tekur ekki mið af óvenjulegum markaðsaðstæðum eða meiriháttar ófyrirsjáanlegum atburðum (pólitískum aðgerðum, náttúruhamförum eða álíka). Hann tekur heldur ekki mið af eftirfarandi áhættuatriðum:

Stjórnunaráhætta – aðstæður eða markaðsskilyrði þar sem aðferð umsjónarmanns virkar ekki eins og ætlast var til.

Áhættu vegna greiðslugetu – takmarkaður seljanleiki sem gerir það erfiðara að meta og selja verðbréf.

Gengisáhætta – verðmæti sjóðsins er undir áhrifum seðlagengis milli norskra króna og erlends gjaldmiðils.

Rekstraráhætta: Tap sem til dæmis hlýst af kerfishruni, mannlegum þáttum eða ytri atburðum.

Kostnaður

Eingreiðslukostnaður fyrir eða eftir fjárfestingu

Kostnaður við kaup Upp að 0,00 %

Innlausnargjald Upp að 0,00 %

Ársgjöld sjóðsins.

Árlegur kostnaður 1,52 %

Gjöld sem dregin eru frá sjóðnum við sérstakar aðstæður.

Árangurstengd þóknun Nei


Kaup- og sölukostnaður sem er að finna í töflunni er hámarks taxti. Hafðu samband við ráðgjafa þinn fyrir frekari upplýsingar.

Árleg kostnaður nær yfir kostnað vegna stjórnsýslu, umsjón, markaðssetningu og hugsanlegan annan kostnað sem lagst hefur á sjóðinn síðasta almanaksár.

Árleg kostnaður saman stendur af fastri árlegri stjórnsýslubóknun (1,50 %), og nokkrum takmörkuðum breytilegum kostnaði samkvæmt lögum, samþykktum eða áætlun um að bæta stjórnun sjóðsins. Kostnaði er skipt jafnt á öll hlutabréf, og getur breyst frá ári til árs.

Kostnaður dregur úr hugsanlega verðmætaaukningu sjóðsins. Frekari upplýsingar um kostnað er að finna í samþykktum og útboðslýsingum sjóðsins á www.delphifunds.com.

Fyrri árangur



Skýringarmyndin sýnir hagnað fyrir hvert almanaksár aftur í tímann. Kostnaður er dreginn frá hagnaði sjóðsins. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra kostnaðar vegna kaupa og sölu. Hagnaður er reiknaður í NOK.

Sögulegur hagnaður er ekki trygging fyrir hagnaði í framtíðinni. Hagnaður í framtíðinni getur meðal annars markast af markaðsþróun, dugnaði umsjónarmanns, áhættu sjóðsins sem og hugsanlegs kostnað vegna kaups og sölu á hlutum í sjóðnum. Hagnaður getur orðið neikvæður.

Sjóðurinn var stofnaður 1991-03-18.

Hlutdeildin var stofnuð 1991-03-18.

Hagnýtar upplýsingar

Verðbréfamiðlari sjóðsins er J. P. Morgan Europe Limited - Oslo Branch.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum er vísað í samþykktir, útboðslýsingar og reikningsskil sjóðsins ásamt öðru efni á www.delphifunds.com. Hægt er að fá skjölin send endurgjaldslaust.

Aðrar hagnýtar upplýsingar, þar á meðal uppfært sjóðsgengi, er einnig að finna á www.delphifunds.com.

Skattskylda þín vegna fjárfestingar í sjóðnum markast meðal annars af búsetulandi, landi því þar sem skattur er greiddur og skilyrðum um skattskyldu.

Storebrand Asset Management AS er aðeins ábyrgt ef innihald þessa skjals er villandi, ónákvæmt eða í ósamrými með tilliti til viðeigandi hluta útboðslýsingar sjóðsins.

Þessi sjóður er viðurkenndur í Noregi og er undir eftirliti norska fjármálaeftirlitsins. Innlendir sjóðir fara fram á að umsjónarmaður hafi starfsleyfi samkvæmt lögum um fjárfestingarsjóði til viðbótar við lög um verðbréfasjóði. Umboðsfyrirtækið Storebrand Asset Management AS hefur leyfi í Noregi og er undir eftirliti norska fjármálaeftirlitsins. **Uppfært** 2022-03-15.